

## 9. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli

*Sjávarútvegsráðuneytið, 19. maí 1980.*

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

*Jón B. Jónasson.*

Nr. 263.

8. maí 1980.

## REGLUGERÐ

fyrir svæðisstjórnir um málefni þroskaheftra og öryrkja.

### I. KAFLI

Stofnun og skipan svæðisstjórna.

#### 1. gr.

Á hverju starfssvæði samkvæmt 4. gr. laga nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta skal starfa svæðisstjórn.

#### 2. gr.

Í svæðisstjórn eiga sæti: fræðslustjóri, héraðslæknir og þrír menn skipaðir af félagsmálaráðherra, tveir þeirra samkvæmt tilnefningu samtaka sveitarfélaga og einn samkvæmt tilnefningu foreldrasamtaka þroskaheftra og öryrkja á svæðinu.

Skipunartími svæðisstjórna er fjögur ár.

### II. KAFLI

Hlutverk svæðisstjórna.

#### 3. gr.

Svæðisstjórn hefur það hlutverk að gera tillögur um þjónustu fyrir þroskahefta og öryrkja á hverju svæði og samræma aðgerðir opinberra aðila, svo sem fræðslufirvalda, heilbrigðisfirvalda og hlutaðeigandi sveitarfélaga svo og annarra aðila sem vinna að málefnum þroskaheftra og öryrkja.

#### 4. gr.

Svæðisstjórn gerir áætlanir um framkvæmd og forgang verkefna á sviði þjónustu fyrir þroskahefta á svæðinu.

Svæðisstjórn gerir árlegar tillögur um fjárhags- og framkvæmdaáætlanir til notkunar við undirbúning fjárlagafrumvarps og skal senda þær til viðkomandi ráðuneytis fyrir 1. apríl ár hvert.

Svæðisstjórn skal gera áætlanir til lengri tíma um skipan þessara mála og nauðsynlegar framkvæmdir á svæðinu og endurskoðar slíkar áætlanir árlega og sendir hlutaðeigandi ráðuneyti og stjórnarnefnd.

## 5. gr.

Svæðisstjórn skal halda skrá yfir alla þroskahefta og öryrkja á svæðinu. Þar skulu koma fram:

Nafn, aldur, lögheimili og dvalarstaður.

Nöfn foreldra eða forráðamanns.

Niðurstaða greiningar ásamt áætlunum um meðferð og greinargerð um framkvæmd hennar og árangur.

Bendi frumgreining til þroskaheftingar og hafi foreldrum verið gerð grein fyrir málinu skal svæðisstjórn hafa samband við foreldra eða forráðamenn kynna þeim lög um aðstoð við þroskahefta og benda þeim á þá þjónustu, sem er fyrir hendi á hverju svæði.

Sérhverjum, er annast skráningu og varðveislu upplýsinga svo og þeim er heimilaður verður aðgangur að skránum, ber að gæta fyllstu þagmælsku um það er hann kemst að í starfi sínu.

Eyðileggja skal upplýsingar um einstaklinga ef greining leiðir í ljós að þeir teljast ekki þroskaheftir í skilningi þessara laga.

## 6. gr.

Svæðisstjórn fjallar um umsóknir um þjónustu og vistun á sérstofnunum fyrir þroskahefta.

Svæðisstjórn heimilar vistun að höfðu samráði við forstöðumann hlutaðeigandi stofnunar enda sé áður leitað umsagnar greiningarstöðvar ríkisins.

Ekki þarf að leita umsagnar svæðisstjórnar varðandi þjónustu á skammtímafósturheimilum, leikfangasöfnum og skóladagheimilum.

Neiti viðkomandi forstöðumaður að veita þjónustu má vísa málinu til úrskurðar svæðisstjórnar.

Fyrir 15. janúar ár hvert skulu þessar stofnanir senda svæðisstjórn skrá yfir þá einstaklinga, sem hafa notið þjónustu þeirra á næst liðnu ári.

## 7. gr.

Svæðisstjórn fylgist með að þroskaheftir og öryrkjar, sem eiga rétt á þjálfun og kennslu í heimahúsum njóti hennar.

## 8. gr.

Svæðisstjórn skal sjá um að framferendur, sem kjósa sjálfir að annast þroskaheftan einstakling í heimahúsum, og að mati svæðisstjórnar eru hæfir til þess, fái aðstoð og úrskurðar stjórnin í hvaða formi slík aðstoð skuli veitt.

## 9. gr.

Allar stofnanir fyrir þroskahefta og öryrkja þar með taldar sjálfseignarstofnanir skulu háðar eftirliti svæðisstjórna.

Að beiðni hlutaðeigandi ráðuneytis ber svæðisstjórn að láta ráðuneytinu í té álit sitt varðandi veitingu leyfa til þess að setja á fót og starfrækja slíkar stofnanir.

## 10. gr.

Svæðisstjórn annast miðlun upplýsinga um réttindi þroskaheftra og öryrkja.

Svæðisstjórn skal fylgjast með húsnæðis- og atvinnunálum þroskaheftra og öryrkja.

## 11. gr.

Svæðisstjórn skal senda ráðuneyti og stjórnarnefnd rekstrarreikninga og starfskýrslu liðins árs, ekki síðar en 1. mars ár hvert.

## 12. gr.

Svæðisstjórn annast önnur þau verkefni, sem stjórnarnefnd eða ráðuneyti kunna að fela henni.

## III. KAFLI

## Starfshættir svæðisstjórna.

## 13. gr.

Svæðisstjórn kýs sér formann, varaformann og ritara til eins árs í senn.

## 14. gr.

Svæðisstjórn kemur saman til fundar svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári. Skylt er að boða til fundar ef tveir stjórnarmanna óska þess, enda sé fundarefni tilgreint.

## 15. gr.

Fundur svæðisstjórnar telst löglegur ef allir stjórnarmenn hafa verið boðaðir með að minnsta kosti þriggja daga fyrirvara. Fundur skal boðaður með dagskrá.

## 16. gr.

Svæðisstjórn afgreiðir mál með ályktunum á fundum. Afl atkvæða ræður úrslitum um afgreiðslu mála. Ályktanir eru því aðeins löglegar að meiri hluti stjórnar sé á fundi.

## 17. gr.

Fundargerðir svæðisstjórnar skulu ritaðar í gerðabók, og staðfestar með undirskrift fundarmanna.

## 18. gr.

Þegar taka skal ákvörðun er varðar sérstaklega tiltekna stofnanir eða sveitarfélög skal svæðisstjórn gefa hlutaðeigandi aðilum kost á að kynna sér málið og láta álit sitt í ljós á fundi hennar.

## 19. gr.

Heimilt er svæðisstjórn að semja við fræðsluskrifstofu, einstök sveitarfélög eða samtök sveitarfélaga um skrifstofuþjónustu. Slíkir samningar skulu gerðir að höfðu samráði við félagsmálaráðuneytið.

## 20. gr.

Þóknunarnefnd ákveður laun vegna starfa svæðisstjórna.

Um greiðslu ferðakostnaðar gilda sömu reglur og um opinbera starfsmenn. Kostnaður vegna starfa héraðslækna og fræðslustjóra greiðist af hlutaðeigandi stjórnvöldum. Kostnaður vegna starfa fulltrúa sveitarfélaga greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélögum. Kostnaður vegna starfa fulltrúa foreldrasamtaka greiðist úr ríkissjóði.

Annar kostnaður við starfsemi svæðisstjórna greiðist úr ríkissjóði.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta og öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 8. maí 1980.*

**Svavar Gestsson.**

*Margrét Margeirsdóttir.*